



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

**FORSETI OG FORSETAFRÚ BJÓÐA
NÝJUM ÍSLENSKUM RÍKISBORGURUM
TIL BESSASTAÐA**

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og Eliza Reid forsetafrú bjóða á sunnudaginn til sín fólki sem fengið hefur ríkisborgararétt á Íslandi á árinu 2024.

Það að fá nýjan ríkisborgararétt er stór áfangi í lífi margra og skiptir miklu máli að fólk sem þannig gengur til liðs við íslenskt samfélag finni að það er hjartanlega velkomið.

10. maí 2024

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).